



Borgarráð

Samningur um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samningi aðildarfélaganna Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu með vísan í bréf framkvæmdastjóra SSH, dags. 10. október 2022.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf framkvæmdastjóra SSH, dags. 10. október 2022

Drög að samningi um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 10. október 2022
Málsnr. 2202005/PBG/HH

Efni: Samráðshópur á sviði velferðarmála – nýr samstarfssamningur.

Á 545. fundi stjórnar SSH, hinn 3. október 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

2202005 - Velferðarnefnd – samstarfssamningur

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að nýjum samstarfssamningi aðildarsveitarfélaganna um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu, en ætlunin er að sá samningur komi í stað eldri samnings sem féll úr gildi 2014. Hafa drögin verið unnin í samráði við samráðshóp á sviði velferðarmála en ekki eru í raun lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi samstarfs sveitarfélaganna. Er þá ekki gert ráð fyrir að nýr samningur feli í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Markmiðið með nýjum samningi er annars vegar að mæta athugasemdum innviðaráðuneytisins um samninga milli sveitarfélaga og hins vegar að endurvekja þann samning sem í raun hefur verið starfað eftir frá árinu 2010.

Þá er fyrirliggjandi minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur, lögfræðings SSH, dags. 27. september 2022, um forsögu og ferli málsins.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti drög að nýjum samstarfssamningi sveitarfélaganna um samráð og samstarf á sviði velferðarþjónustu.

Framangreind samningsdrög verði send til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Meðfylgjandi eru drög að samningi um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu. Óskað er eftir því að þau verði tekin til efnislegrar umræðu og afgreiðslu og staðfestingar. Jafnframt er farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra til undirritunar samningsins.

Þá er meðfylgjandi minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur lögfræðings SSH þar sem nánar er fjallað um tildrög og ferli vinnu við gerð nýs samnings, en áréttað skal að ekki er gert ráð fyrir að hann feli í raun í sér breytt verklag frá því sem viðhaft hefur verið frá árinu 2010 né kostnaðarauka fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is. Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Drög að samningi um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu.
Minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur, dags. 27. september. 2022.

Aðildarfélög Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH): Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður gera með sér svofelldan samning um:

Samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu

1. Forsendur og markmið

- 1.1. Samningur þessi er sjálfstætt framhald af fyrri samningi aðildarsveitarfélaga SSH frá 12. nóvember 2010 um samstarf þeirra „vegna þjónustu við fatlaða“ í kjölfar tilfærslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Sá samningur gildi til 31. desember 2014 en engu að síður hefur verið unnið eftir meginforsendum hans síðan. Þannig hefur samráðshópur forstöðumanna félagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu komið saman reglulega frá því í janúar 2011. Hlutverk hópsins hefur víkkað út smám saman og nær nú til hinna ýmsu verkefna félagslegrar þjónustu sem æskilegt þykir að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem mynda í raun eitt búsetu- og atvinnusvæði, hafi samtal um. Markmið samningsins er einkum að efla velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu með samtali, samráði og samstarfi sveitarfélaganna. Þannig sé stuðlað að framþróun, samræmingu og hagkvæmni þjónustunnar, jafnframt því að vekja athygli yfirstjórnar sveitarfélaganna á nýjungum og þörf fyrir umbætur eða brýn verkefni. Framangreindu er markaður farvegur í samningi þessum.
- 1.2. Hagkvæmt eða nauðsynlegt kann að vera að einstök sveitarfélög veiti íbúum annarra sveitarfélaga sérhæfða þjónustu. Feli samningar um slíkt í sér framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu fólks í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 skal slíkt samstarf, sbr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, fara fram í formi byggðasamlags eða með samningi um að sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög, sbr. 96. gr. sömu laga. Slíkir samningar öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu sveitarstjórnar, sbr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga, og að fenginni staðfestingu ráðuneytis sveitarstjórnarmála eða eftir atvikum félagsmálaráðuneytis, sbr. 5. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 5. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- 1.3. Um samstarf sumra, en ekki allra, aðildarsveitarfélaganna, á sviði velferðarmála, skal jafnframt farið eftir þeirri umgjörð sem samstarfinu er markaður með samningi þessum, eftir því sem við getur átt.

2. Umsjón og eftirlit

- 2.1. Stjórn SSH hefur yfirumsjón með samningi þessum og annast eftirlit með framkvæmd hans. Samráðshópur forstöðumanna félagsþjónustu sveitarfélaganna annast daglega stjórn samningsins. Framkvæmd samningsins er að öðru leyti í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna.
- 2.2. SSH bera almennan kostnað vegna samningsins, t.d. vegna fundahalda og skjalavistunar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun SSH.

- 2.3. Sveitarfélögin geta gert sérstaka samninga sín á milli um frekari samvinnu eða samrekstur en samningur þessi kveður á um. Skal þá, eftir því sem við á, fara um slíka samninga eftir ákvæðum IX. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og 1. gr. samnings þessa.

3. Samráðshópur á sviði velferðarmála

- 3.1. Forstöðumenn félagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða staðgenglar þeirra mynda *samráðshóp* [svo nefndur hér eftir] sem kemur saman reglulega. Miðað er við einn fund í mánuði en funda skal oftast ef þurfa þykir. Samráðshópurinn skýtur eftir atvikum ályktunum sínum og annarri afgreiðslu mála til stjórnar SSH til nánari umfjöllunar eða ákvörðunar ef ástæða þykir til.
- 3.2. Um störf samráðshópsins gilda eftir því sem við á ákvæði sveitarstjórnarlaga og annarra laga um opinbera stjórnsýslu.
- 3.3. Formennska samráðshópsins skal skiptast milli sveitarfélaga þannig að hver forstöðumaður gegni henni í tvö ár. Skal formennska ganga á milli sveitarfélaganna með sama hætti og formennska stjórnar SSH. Formaður undirbýr fundi og boðar þá með dagskrá og viðeigandi fundargögnum. Hann skipar enn fremur fundarritara það tímabil sem hann gegnir formennsku.
- 3.4. Forstöðumenn boða með sér á fundi samráðshópsins þá starfsmenn sviðanna sem þeir telja þörf á að mæti á fundi hverju sinni.
- 3.5. Fundargerðir samráðshópsins skulu sendar stjórn SSH og lagðar fram til kynningar á fundum hennar.
- 3.6. Að öðru leyti er samráðshópnum heimilt að setja sér sérstakar starfsreglur hvað varðar boðun funda, ritun fundargerða, fundarskóp og hlutverk formanns.

4. Samráð og samhæfing

- 4.1. Sveitarfélögin hafa með sér samtal og samráð um samhæfingu og framkvæmd velferðarþjónustu á þeirra vegum eftir því sem þörf krefur og við á og skulu þá ákvæði samnings þessa eiga við um slíka samvinnu. Viðfangsefnið geta m.a. verið:
- 4.1.1. Almenn miðlun upplýsinga um velferðarþjónustu og áætlanir sveitarfélaganna þar að lútandi.
- 4.1.2. Almennt faglegt samstarf um stefnu og framkvæmd velferðarþjónustu. Í því felst meðal annars að beina ábendingum til stjórnar SSH og eftir atvikum viðeigandi ráðuneytis um þörf fyrir breytingar á lögum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum.
- 4.1.3. Samráð vegna áætlana um uppbyggingu mjög sérhæfðrar þjónustu.
- 4.1.4. Samráð vegna innleiðingar, þróunar og framkvæmdar notendastýrðrar aðstoðar (NPA).
- 4.1.5. Reglulegt samtal við hagsmunasamtök notenda velferðarþjónustu.
- 4.1.6. Endurmenntun og þjálfun starfsfólks sem starfar við velferðarþjónustu, inntak og skipulag.
- 4.1.7. Ráðgjöf við stjórnendur og starfsfólk velferðarþjónustu og þjónustueininga.
- 4.1.8. Umfjöllun um skráningar- og upplýsingakerfi vegna velferðarþjónustu.
- 4.1.9. Fyrirkomulag skýrslugerðar, árangursmats, gæðastjórnunar, gæðastaðla og faglegs innra eftirlits, eftir atvikum í samráði við Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

4.1.10. Samhæfing nýtingar mjög sérhæfðra þjónustuúrræða.

4.1.11. Gjaldtaka vegna þjónustu sem sveitarfélögin veita hvert öðru.

- 4.2. Eigi samstarf milli sveitarfélaga að skuldbinda þau til samræmdrar framkvæmdar eða útgjalda þarf að liggja fyrir ákvörðun stjórnar SSH og eftir því sem við á staðfesting viðeigandi sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga. Um slík verkefni skal gert sérstakt samkomulag í hverju tilviki.
- 4.3. Samráðshópurinn vinnur verkefnislýsingar og fjárhagsáætlanir vegna einstakra samstarfsverkefna. Kostnaður vegna útgjaldaskuldbindinga sbr. 4.2 skiptist milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember næstliðins árs. Heimilt er að semja um að vinnuframlag komi að hluta eða öllu leyti í stað fjárframlaga.

5. Ráðgjafarteymi og starfshópar

- 5.1 Samráðshópurinn hefur sér til ráðgjafar sérstakt teymi [hér eftir ráðgjafarteymi eða teymið] í málefnum fatlaðs fólks sem skal skipað einum starfsmanni og öðrum til vara frá félagsþjónustu hvers sveitarfélags, a.m.k. sveitarfélögunum utan Reykjavíkur. Þeir skulu hafa fagmenntun og reynslu af þjónustu við fatlað fólk. Að jafnaði er gert ráð fyrir að þeir gegni starfi deildarstjóra þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélagi sínu eða sambærilegu starfi og vinni náið með forstöðumanni félagsþjónustu. Fundargerðir teymisins skulu sendar samráðshópnum og teknar fyrir á fundum hans.
- 5.2 Ráðgjafarteymið, sbr. 5.1, hefur einkum eftirtalin hlutverk:
- 5.2.1. Að gefa samstarfshópnum álit sitt eða ráðgjöf í málum sem varða þjónustu við fatlað fólk og skyld málefni og vísað er til teymisins í því skyni.
- 5.2.2. Að hafa yfirsýn yfir umsóknir um skammtímadvalir og önnur þjónustuúrræði á höfuðborgarsvæðinu sem þykir henta að samnýta. Teymið setur fram tillögur um forgangsröðun í hin ýmsu úrræði en ákvörðun um þjónustu er í höndum lögheimilissveitarfélags væntanlegs notanda í samráði við forstöðumann úrræðisins.
- 5.3 Samráðshópnum er þá heimilt að skipa teymi vegna annarra málefna víða en þjónustu við fatlað fólk. Fer um skipan og hlutverk slíkra ráðgjafarteyma eftir gr. 5.1 eftir því sem við á og skulu þau sett á fót með sérstöku erindisbréfi.
- 5.4 Samráðshópnum er heimilt að skipa starfshópa til að vinna að afmörkuðum, tímabundnum verkefnum innan ramma samningsins. Haft skal samráð við framkvæmdastjóra SSH ef slík verkefni krefjast sérstakra fjárútláta umfram það vinnuframlag sem starfsmenn sveitarfélaganna inna af hendi.

6. Gildistími og endurskoðun

- 6.1 Samningur þessi tekur gildi við undirritun og er ótímabundinn.
- 6.2 Hverjum samningsaðila fyrir sig er heimilt að segja sig frá samningnum með sex mánaða fyrirvara.
- 6.3 Segi meirihluti samningsaðila sig frá samningnum skal hann falla úr gildi með sex mánaða fyrirvara. Þeir sem eftir standa geta þá gert með sér annan hliðstæðan samning.

6.4 Samning þennan skal endurskoða að kröfu einstakra samningsaðila.

Kópavogi, XX.XXX 2022

f.h. Garðabæjar

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Seltjarnarnesskaupstaðar

f.h. Kjósarhrepps



MINNISBLAÐ

TIL: PÁLS BJÖRGVINS GUÐMUNDSSONAR FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH
FRÁ: HILDIGUNNI HAFSTEINSDÓTTUR, LÖGFRÆÐINGI SSH
EFNI: VELFERÐARNEFND - SAMSTARFSSAMNINGUR
DAGS: 27. SEPTEMBER 2022

Forsaga þessa máls er nokkuð löng en í janúar 2018 óskaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eftir upplýsingum um alla samninga sveitarfélaga sem fælu í sér samstarf við önnur sveitarfélög. Var samningur um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða, dags. 12. nóvember 2010 þeirra á meðal, og að lokinni yfirferð sendi ráðuneytið, í ágústmánuði 2020, hlutaðeigandi sveitarfélögum eftirfarandi athugasemd vegna hans:

Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða, dags. 12. nóvember 2010. (Reykjavík, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær)

- Á grundvelli samkomulagsins geta sveitarfélögin gert með sér þjónustusamninga sem geta falið í sér framsal valds. Með vísan til leiðbeininga ráðuneytisins í máli nr. SRN1712008, skal slíkt samstarf fara fram í formi byggðasamlags eða með samningi, í samræmi við 96. gr. svstjl., þar sem eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir hönd annars eða annarra sveitarfélaga.

Í kjölfarið var myndað óformlegt teymi lögfræðings SSH og bæjarlögmannna hlutaðeigandi sveitarfélaga, sem m.a. vann að svörum við athugasemdum ráðuneytisins, sem voru svo send ráðuneytinu frá hverju og einu sveitarfélagi, sbr. bókun 519. fundar stjórnar SSH.

Hvað varðaði þennan tiltekna samning sagði eftirfarandi um hann í svari sveitarfélaganna til ráðuneytisins:

Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða, dags. 12. nóvember 2010.

Aðilar að samningnum eru Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær. Í bréfi ráðuneytisins kom fram ábending varðandi það að samkomulagið fæli það í sér að sveitarfélögin gætu gert með sér þjónustusamninga sem gætu falið í sér framsal valds. Með vísan til leiðbeininga ráðuneytisins í máli SRN1712008, skyldi slíkt samstarf fara fram í formi byggðasamlags eða með samningi í samræmi við 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (hér eftir svstjl.), þar sem eitt sveitarfélag tæki að sér verkefni fyrir hönd annars eða annarra sveitarfélaga. Umræddur samningur um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða tók gildi við undirritun, hinn 12. nóvember 2010, og var markaður ákveðinn gildistími, til 31. desember 2014. Hefur hann ekki verið endurnýjaður.



Með hliðsjón af athugasemdum ráðuneytisins hefur verið sett á fót sérstakt teymi á vettvangi samstarfshóps velferðarmála innan SSH til að skoða tilhögun samstarfs milli sveitarfélaganna þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk þar sem ákveðnar breytingar hafa átt sér stað frá upphaflegum samningi. Jafnframt verður það haft að markmiði að gætt sé fyrrgreindra skilyrða varðandi samstarf milli sveitafélaga. Þess má vænta að ráðuneytið verði sérstaklega upplýst um afrakstur þeirrar vinnu og samningurinn sendur ráðuneytinu þegar hann liggur fyrir.

Samkvæmt framansögðu, ekki síst þess að samráðshópur á sviði velferðarmála hefur í raun starfað óslitið frá árinu 2010, án þess að sérstakur samningur hafi legið til grundvallar slíku samstarfi frá árslokum 2014, var talið mikilvægt að semja ný drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna á þessu sviði.

Ofangreind vinna hófst á vettvangi samráðshóps á sviði velferðarmála snemma árs 2021, en náði ekki lengra á þeim vettvangi en að drög, sem unnin voru upp úr eldra samningi voru lögð fyrir hópinn vorið 2021. Í kjölfar þess, og á grundvelli þeirrar vinnu, vann lögfræðingur SSH drögin áfram, í samstarfi við samráðshópinn og voru drögin kynnt fyrir hópnum á ýmsum stigum.

Fyrirliggjandi eru nú lokadrög umrædds samnings, sem unnin eru á grundvelli samningsins frá 2010, með hliðsjón af áðurgreindum athugasemdum ráðuneytisins og þeirri vinnu sem hefur átt sér stað óslitið frá árinu 2010 á vettvangi samráðshóps á sviði velferðarmála.

Rétt er að áréttu að markmið samningsins skv. fyrirliggjandi drögum er einkum að efla velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu með samtali, samráði og samstarfi sveitarfélaganna. Þannig sé stuðlað að framþróun, samræmingu og hagkvæmni þjónustunnar, jafnframt því að vekja athygli yfirstjórnar sveitarfélaganna á nýjungum og þörf fyrir umbætur eða brýn verkefni. Er þannig ekki gert ráð fyrir því að samþykkt hans leiði til breytts verklags í þessum málaflokki eða til kostnaðarauka fyrir aðildarsveitarfélög hans.

Er því lagt til að meðfylgjandi samningsdrög verði send hlutaðeigandi sveitarfélögum til afgreiðslu og staðfestingar og farið fram á að framkvæmdastjórum þeirra verði falið ótakmarkað umboð til undirritunar samningsins.

Meðfylgjandi minnisblaði þessu eru lögð fram:

- 1. Drög að samningi um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu*

HH